

## Fundargerð skólanefndar 17.janúar 2008

Fundur haldinn í skólanefnd Grunnskóla Tálknafjarðar fimmtudaginn 17.janúar 2008 kl. 17.00.

Fundur settur, mættir undirritaðir og fyrirtekið:

1. Frumvarp til laga um leikskóla, frumvarp til laga um grunnskóla, frumvarp til laga um framhaldsskóla mál nr. 288.  
Rædd voru frumvörp þessi vítt og breitt og er nefndin sammála því að þau séu góð og gild en launamálum þurfi að koma í betra horf. Nefndin gerir athugasemd við það ef metnaðarfull markmið frumvarpanna eigi að ná fram að ganga, þá verður ríkið að auka framlög til skólamála.  
Nefndin er sammála að formaður skólanefndar og oddviti svari eða skili inn athugasemdum og umsögn um frumvörpin.  
Oddviti kallar eftir frekari umsögn um frumvörpin frá grunnskólanum. Samkvæmt upplýsingum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga hefur verið óskað eftir lengri frest til að skila inn umsögnum og hefur verið tekið vel í þá beiðni.
2. Önnur mál. Oddviti sýndi nefndarmönnum glæsilega auglýsingu sem setja á eða fara með í Háskólann á Akureyri og Kennaraháskólann í Reykjavík. Auglýsingin snýst um að fá kennara í grunnskólann okkar.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18.30

Guðlaug S. Björnsdóttir (sign)

Birna Ben (sign)

Guðlaug Björgvinsdóttir (sign)

Björn Theodórsson (sign)

Sigurlaug Guðmundsdóttir (sign)

Elísabet Kjartansdóttir (sign)

Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir (sign)